

Alþingi
Erindi nr. P 131/268
komudagur 30. 11. 2004

EYÞING – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 29. nóvember 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um íþróttáætlun, 11. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri



STOFNAD 1965

GLÍMUSAMBAND ÍSLANDS

THE ICELANDIC GLIMA ASSOCIATION

ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI LAUGARDAL • 104 REYKJAVÍK

KENNITALA: 570169-0179 ☎ 581 3377

Alþingi

Erindi nr. Þ 131/183

komudagur 25.11.2004

Umsögn Glímusambands Íslands fyrir íþróttáætlun

Stjórn Glímusambands Íslands fagnar fram komnum hugmyndum um íþróttáætlun og vekur í því sambandi sérstaka athygli á eftirfarandi: Glímusamband Íslands hefur undanfarin ár unnið að því að kynna glímuna í skólum landsins. Stærsta vandamálið er að í mörgum skólum vantar búnað til að stunda íþróttina. Til að glíman geti þrífist áfram í íslensku þjóðlífi er nauðsynlegt að dýnur og betli séu almennt til staðar í skólum.

Einnig telur Glímusamband Íslands mikilvægt að tekið verði á jöfnun ferðakostnaðar íþróttamanna eftir landsvæðum. Þetta er stórt mál fyrir landsbyggðina því stór hluti fjármuna íþróttafélaga á landsbyggðinni fer í ferðakostnað.

Reykjavík (19. 11. 2004)

Fyrir hönd Glímusambands Íslands


Lárus Kjartansson varaformaður

GLÍMUSAMBAND ÍSLANDS
Íþróttamiðstöðin
Laugardal • 104 Reykjavík
Kt. 570169-0179 • Sími: 581-3377

24.nóvember 2004

Menntamálanefnd Alþingis.
Umsögn um tillögu til þingsályktunar um íþróttáætlun.

Í upphafi þessa bréfs vill stjórn Handknattleikssambands Íslands koma því á framfæri mikilvægi þess að ríkið geri áætlanir hvað varðar eflingu almennings og afreksíþróttar. Að öll börn hafi jafna möguleika á að stunda flestar íþróttir innan og utan skóla. Jafnramt verður gerð grein fyrir fjáröflun til íþróttamála og fjárframlag ríkisins við íþróttastarf og einstakar íþróttagreinar í landinu.

Sjálfbóðaliðastarf.

Nú er svo komið að sjálfbóðaliðastarf innan handknattleikshreyfingarinnar er unnið af færri einstaklingum en áður og er það vegna þess að rekstur íþróttafélaga hefur verið erfiður og mestur þungi starfsins farið í að afla peninga til rekstursins. Baklandið innan félaganna er miklu veikara en áður þar sem að sjálfbóðaliðar fást ekki til starfa fyrir íþróttafélögin.

Jöfnun ferðakostnaðar.

Varðandi jöfnun ferðakostnaðar þá er það mjög mikilvægt skref til þess að landsbbyggðarfélagin geti tekið þátt í Íslandsmótum. Mikilvægt er að setja skýrar reglur um það hvernig slíkur jöfnunarsjóður virkar og hvers konar íþróttaviðburðir eru styrkhæfir. Forgang ætti að hafa keppni í Íslandsmótum.

Afreksíþróttir.


Þegar horft er til afreksíþróttar þar sem að sérsamband eins og HSÍ heldur eingöngu uppi afreksstefnu þurfa að vera til styrkir sem hægt er að sækja um um leið og árangur næst. t.d taka öll landslið HSÍ þátt í forkeppnum Evrópu og Heimsmeistaramóta í sínum aldursflokkum og oft ná þessi lið áframhaldandi keppnisrétti og þegar að það gerist þá vantar fjármagn til þess að liðin geti tekið þátt í úrslitum þessara móta. HSÍ sótti t.d. um styrk í Afreksmannasjóð ÍSÍ fyrir 20 ára landslið pílta sem að varð Evrópumeistari árið 2003 og þurfti liðið að verja Evrópumeistaratitilinn nú í ágúst 2004 en enginn styrkur fékkst fyrir þetta lið þrátt fyrir að liðið væri að verja Evrópumeistaratitil. Engir styrkir eru fáanlegir frá alþjóðasamtökum okkar þannig að rekstur sérsambands eins og HSÍ er eingöngu fjármagnaður á Íslandi.

Skattaívilnanir.

Varðandi skattaívilnanir fyrir fyrirtæki sem styðja íþróttahreyfinguna þá teljum við það mjög jákvætt framtak þar sem að geysileg barátta er um samstarfsaðilana ekki bara innan íþróttahreyfingarinnar heldur eru fjölmiðlar farnir að gera út á þennan markað samanber kostun á sjónvarpsþáttum og ýmsum öðrum dagskráliðum.

Tillaga þessi til þingsályktunar er hið besta mál fyrir íþróttahreyfinguna og er tímabær til eflingar afreksíþróttar.

Með kveðju
Einar Þorvarðarson
Framkvæmdastjóri HSÍ



ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,
Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/128
komudagur 18.11.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15.nóvember 2004

Umsögn ÍSÍ um tillögu til þingsályktunar um íþróttáætlun, 11.mál

Framkvæmdastjórn ÍSÍ fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar og mælir með samþykkt hennar.

Framkvæmdastjórninni er kunnugt um áform menntamálaráðherra um skipan starfshóps með það að markmiði að móta íþróttastefnu og þessi tvö mál styðja þannig hvert annað.

ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

Ellert B Schram

Stefán Konráðsson

ÓLYMPIÚFJÖLSKYLDAN



AUSTURBAKKI 



ICELANDAIR 



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Alþingi
Erindi nr. P 131/184
komudagur 25.11.2004

Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um íþróttaáætlun

Til: Menntamálanefndar alþingis

Frá: Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar fagnar framkominni tillögu um íþróttaáætlun. Þau atriði sem fram koma í tillögunni eru í samræmi við hugmyndir íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði og getur tillagan ef hún nær fram að ganga orðið til góðs ef vel er á málum haldið. Atriðin sem minnst er á í greinargerðinni eru mjög mikilvæg og þurfa þeir aðilar sem koma til með að vinna þessa stefnu að taka tillit til allra þeirra atriða sem fram koma þar.

Þó langar okkur að hnykkja á nokkrum mikilvægum atriðum sem hægt er að hafa í huga við mótun stefnunar.


Íþróttahreyfingin hefur skapað sér stefnu á flestum sviðum íþróttamála og hefur unnið að því að framfylgja henni. Það sem stendur starfinu hins vegar fyrir þrifum er skortur á fjármagni, bæði til íþróttastarfsins og til uppbyggingar íþróttamannvirkja þó svo að ýmislegt hafi áunnist á síðustu árum.

Það er bláköld staðreynd að við Íslendingar eigum enga möguleika í samkeppni þjóða í íþróttum verði ekki betur hlúð að afreksíþróttum. Skattaúvilnanir til fyrirtækja sem styðja íþróttastarf og þá sérstaklega afreksíþróttirnar eru m.a. mjög vel til þess fallnar að blása lífi í afreksstarfið. Það er einnig bláköld staðreynd að verði íþróttahreyfingunni ekki gert kleift að byggja betur upp almenningsíþróttir í landinu mun heilsufari landsmanna hraka enn frekar en þegar er orðið og má svo fámenn þjóð ekki við því. Því þarf átak mjög víða í uppbyggingu mannvirkja þannig að aðgengi að íþróttum verði bætt.

Einnig er mjög mikilvægt að gera miklar kröfur um menntun á íþróttasviði því án þekkingar munum við ekki ná árangri með íþróttir sem þátt í forvörnum og ekki heldur í afreksíþróttum.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Grjetarsson formaður ÍBH
Óskar Ármannsson framkvæmdastjóri ÍBH



Alþingi
Erindi nr. P 131/185
komudagur 25.11.2004

ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

STOFNAD 1944

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24.11. 2004

Efni: Tillaga til þingsályktunar um íþróttáætlun, 11. mál.

Meðfylgjandi er umsögn Íþróttabandalags Reykjavíkur um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,
f.h. ÍBR

Frímenn Ari Ferdinandsson
Framkvæmdastjóri

Markmið og stefna í íþróttamálum til fimm ára

Þeim sem sinna íþróttamálum hér á landi er ljóst að vantað hefur skýra stefnu ríkisins í íþróttamálum. Það er því ástæða til að fagna því að komin er fram tillaga á Alþingi um stefnu í þessum málaflokki. En fimm ár er ekki langur tími t.d. gætu í mesta lagi farið fram tvennir Ólympíuleikar á þeim tíma svo hlutirnir séu settir í íþróttalegt samhengi. Að koma fleiri íslenskum íþróttamönnum á Ólympíuleika en gerist í dag tekur mun lengri tíma en fimm ár. Að breyta lífsmynstri íslensku þjóðarinnar í sambandi við hreyfingu og mataræði tekur einnig lengri tíma en fimm ár. Það væri óskandi, jafnvel nauðsynlegt, að hægt væri að horfa lengra fram á veginn.

Almenningsíþróttir

Rannsóknir sýna ótvírætt forvarnargildi reglulegrar hreyfingar. Það er því mikilvægt að allir aðilar sem koma að hverskonar líkamlegri hreyfingu íbúa landsins, standi saman að átaki til að hvetja fólk til reglubundinnar hreyfingar. Íþróttahreyfingin getur tekið virkan þátt í slíku átaki með stuðningi frá ríkisvaldinu ásamt öðrum félagasamtökum, líkamsræktarstöðvum, sjúkrastofnunum, heilsugæslu, sveitarfélögum og fleirum.

Afreksíþróttir

Afreksíþróttir hafa hvetjandi áhrif á íþróttaiðkun barna og unglinga sem og almennings. Afreksíþróttamenn eru fyrirmyndir unga fólksins ásamt því að vera sameiningartákn þjóðarinnar þegar tekið er þátt í alþjóðlegum keppnum. Stuðningur ríkisins við afreksíþróttir er því nauðsynlegur til að íþróttamennirnir eigi auðveldara með að sinna æfingum í þeim mæli sem þarf til að vera á meðal þeirra bestu í heiminum.

Jafnir möguleikar barna til þátttöku í íþróttastarfi

Það er ekki dýrt að taka þátt í íþróttastarfi ef miðað er við hvað hver æfing kostar á hvern einstakling. Engu að síður er ljóst að sumar fjölskyldur ráða ekki við að leyfa börnum sínum að taka þátt í íþróttastarfi, sérstaklega ekki ef börnin vilja taka þátt í fleiri en einni grein eða taka þátt í öðru tómsundastarfi. Æskilegt er að börn hafi tækifæri til að stunda margar íþróttagreinar. Fjölbreyttar æfingar á unga aldri eru lykillinn að meiri hreyfifærni á unglingsaldri og fram á fullorðinsaldur. Þátttaka barna og unglinga í íþróttum er einnig mjög mikilvæg þegar litið er til heilsu þeirra í nútíð og framtíð. Þetta staðfesta rannsóknir m.a. ein sem nú er unnið að hér á landi þar sem fram kemur að regluleg hreyfing hefur mest að segja með að draga úr offitu.

Fjárstuðningur við íþróttstarf

Sveitarfélög hafa sumsstaðar stutt við íþróttstarfið með beinum rekstrarframlögum. Þessi framlög hafa ýmist verið notuð til að greiða laun þjálfara eða starfsmanna sem sinna skipulagi starfsins og samskiptum innan félaganna. Ljóst er að æ erfiðara reynist að fá sjálfboðaliða til að sinna því margþætta starfi sem gerð er krafa um að íþróttafélögin sinni. Það væri sannarlega stórkostlegt fyrir íþróttastarfið ef ríkið gæti með einhverjum hætti komið að því að styðja við það þannig að sumir pabbar og sumar mömmur

landsins þurfi ekki að eyða öllum sínum frítíma í að halda úti þjónustu fyrir samborgara sína auk þess að bera á því fjárhagslega ábyrgð. Hér er ekki verið að gefa í skyn að ekki verði áfram unnið sjálfbóðaliðastarf íþróttahreyfingunni. Þvert á móti má leiða líkum að því að með minni áhyggjum af fjármálum félaga/deilda verði hægt að fá fleiri til starfa fyrir þau.

Fjárstuðningur við uppbyggingu mannvirkja

Æskilegt er að ríki komi að uppbyggingu þjóðarleikvanga þ.e. mannvirkja sem þjóna landsliðum og eru einstök sinnar tegundar í landinu eða hafa gildi sem vettvangur fyrir íþróttastarf sem þjónar stærri svæðum t.d. landsfjórðungi en ekki eingöngu einu sveitarfélagi.

Íþróttarannsóknir

Íþróttaskor Kennaraháskóla Íslands þarf að efla þannig að þar sé hægt að sinna eðlilegu rannsóknarstarfi fyrir íþróttir og heilsu þjóðarinnar. Stofnunin virðist ekki hafa haft nægilegt fjármagn til að sinna svo mikilvægum þætti eins vel og æskilegt væri. Það er brýnt að skólinn hafi möguleika á að skapa þannig umhverfi fyrir rannsóknir að kennarar og nemendur geti a.mk. sinnt grunnþáttum og helst komist nokkrum skrefum lengra en mögulegt er í dag.

Alþingi
Erindi nr. P 131/202
komudagur 26.11.2004

Þingskjal 11
Tillaga til Þingsályktunar um Íþróttamál.

Umsögn frá Íþróttakennarafélagi Íslands

Ég fagna því að fram er komið frumvarp um íþróttáætlun og málefni íþróttanna og heilsa barna og unglinga komist á dagskrá hins há alþingis. Málið er í raun tvíþætt varðandi ungmenni sem kemur ekki skýrt fram í frumvarpinu. Annars vegar er um að ræða skólaíþróttir og íþróttaiðkun í tengslum við skóla og hins vegar íþróttastarf hjá íþrótt- og ungmennafélögum sem er óháð skólastarfi. Þörfin í samfélaginu er sú að öll börn fái daglega hreyfingu og besta ráðið til að uppfylla þær þarfir er að fjölga stundum í íþróttum, líkams og heilsurækt í grunnskólum landsins auk þess að koma á skipulegri íþróttakennslu í leikskólum landsins. Með slíkri daglegri líkams- og heilsurækt í skólum landsins værum við einnig að auka áhuga og getu ungmenna til að stunda íþróttir hjá íþrótt- og ungmennafélögum og gera þau hæfari til þess að stunda á eigin ábyrgð almenningsíþróttir þegar þau verða eldri.

Þátt almenningsíþróttanna þarf að greina og veita fjármagni sem skilar sér í útbreiðslu íþróttanna til almennings, hvort sem er til íþrótt- og ungmennafélaga, frjálsra félagasamtaka eða einstaklinga. Það fjármagn sem nú er varið til þessa málaflokks er skammarlega lítið og væri til athugunar að vinna að þessum málum í tengslum við Lýðheilsustöð með stofnun Hreyfiráðs innan Lýðheilsustöðvar.

Þær rannsóknir sem hafa birst síðustu árin er því miður aðeins á einn veg... .. Íslendingar stunda ekki næga hreyfingu og aukning á ofþyngd og öðrum velferðasjúkdómum leiða til sífellt meiri útgjalda á heilbrigðisviði.

Málefnið Aukin hreyfing almennings og þá sérstaklega barna okkar er því ekki mál sem hægt er að dvelja við lengi á hinu háa alþingi heldur er aðgerða þörf nú þegar og er því mikilvægt að stefna ríkisins í formi íþróttáætlunar með tengslum við lýðheilsu og heilbrigðisáætlun ríkisins.

Fyrst er að stöðva þá hröðu neikvæðu þróun varðandi heilsu ungmenna sem ríkjandi er í dag og þá snúa til baka með aukinni hrreyfingu og heilbrigðari lífni með ástundun íþróttanna og heilbrigðu mataræði. Ef ekki á næstu 2-3 árum má búast við að Íslendingar í sinni velsæld verði flokkuð sem þróunarriki á sviði lýðheilsu og þurfi að afsala sér sjálfstæði sínu sem heilbrigðir víkingar 21 aldarinnar.

Það er velkomið að leyta til mín með ráðgjöf og hugmyndir í þessum mikilvæga málaflokki.

Með íþrottakveðju

Arngrímur Viðar Ásgeirsson
formaður íþróttakennarafélags Íslands, Framkvæmdastjóri Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands, fyrrverandi sviðsstjóri Íþrótt- og Olympíusambands Íslands, Upphafsmáður verkefnisins Göngum um Ísland og íþróttakennari

Alþingi
Erindi nr. P 131/169
komudagur 24.11.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2004.


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um íþróttáætlun,
11. mál.**

Knattspyrnusamband Íslands styður gerð áætlunar um markmið og stefnu ríkisins í íþóttamálum. Sér í lagi er brýnt að móta stefnu um hvernig styðja beri sérsambönd innan ÍSÍ sem bera faglega og fjárhagslega ábyrgð á íþróttastarfinu, hvert í sinni grein.

Virðingarfyllst,
f. h. Knattspyrnusambands Íslands,

Geir Þorsteinsson,
framkvæmdastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 131/141
komudagur 19.11.2004



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 16. nóv. 2004.

*Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.*

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um ípróttáætlun, 11. mál.

Á stjórnarfundum Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 12. nóvember s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 8. nóv. 2004 þar sem óskað var til umsagnar tillaga til þingsályktunar um ípróttáætlun, 11. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunnar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/152
komudagur 22.11.2004

UMSK er aðili að ÍSÍ og UMFÍ. Innan sambandsins eru ungmenna- og íþróttafélög í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Kjós.


Menntamálanefnd
Bt. Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 18. nóvember 2004

Efni: Umsögn
131. löggjafarþing 2004-2005
Þskj. 11 – 11. mál

Ungmennasamband Kjalarnesþings fékk til umsagnar tillögu til þingsályktunar um íþróttáætlun.
Stjórn sambandsins fagnar framkominni þingsályktun, stjórnin telur nauðsynlegt að menntamálaráðuneytið setji sér langtímamarkmið um eflingu íþróttamála og fjárstuðning ríkisins við íþróttastarfið í landinu.

Virðingarfyllst fyrir hönd Ungmennasambandi Kjalarnesþings


Valdimar Leó Friðriksson
formaður



Alþingi
Erindi nr. P 131/186
komudagur 25.11.2004

Ungmennafélag Íslands

Fellsmúla 26 • 108 Reykjavík
sími +354 568 2929 • fax +354 568 2935
umfi@umfi.is • www.umfi.is

Reykjavík, 24. nóvember 2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn Ungmennafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um íþróttáætlun, 11. mál.

Fyrir hönd Ungmennafélags Íslands vill undirritaður lýsa yfir ánægju með tillögu til þingsályktunar um íþróttáætlun.

Ungmennafélag Íslands hefur ræktun lýðs og lands að leiðarljósi og hefur gengist fyrir forvarnarverkefnum gegn vímuefnum. Eitt helsta vopnið gegn vímuefnum er ástundun íþróttar. Nauðsynlegt er að hlúa að íþróttahreyfingunni og gera öllum börnum kleift að stunda íþróttir. Með aðkomu ríkisins að íþróttamálum, er ljóst að íþróttastarf um land allt, i skólum og utan þeirra, mun styrkjast.

Ef einhverjar spurningar vakna eða ef starfsmenn UMFÍ geta á einhvern hátt veitt upplýsingar sem geta orðið að liði, þá vinsamlegast hafið samband.

Virðingarfyllst,


Sæmundur Runólfsson
framkvæmdastjóri UMFÍ